

Nd.

238. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. l. nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið. Árni Kolbeinsson, Hallgrímur Snorrason og Sigurbjörn Þorbjörnsson gáfu nefndinni gagnlegar upplýsingar. Nefndin klofnaði í afstöðu til málsins. Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama sem hlutfall af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og var á árinu 1983. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fram á Alþingi í október s. l., og í forsendum fjárlagafrumvarps var reiknað með að tekjur hækkuðu um 20% milli árana 1983 og 1984. Í samræmi við það var frumvarpið reist á þeirri forsendu að álagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds hækkaði um sama hlutfall, þ. e. 20%, en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Nú hafa þessar forsendur breyst, fyrst og fremst vegna þess að verulegur aflasamdráttur er fyrirsjáanlegur á næsta ári. Í kjölfar nýrra upplýsinga um ástand fiskstofna hefur Þjóðhagsstofnun á síðustu dögum unnið að endurskoðun á áætlunum um tekjubreytingar milli árana 1983 og 1984. Liggur niðurstaða af þeirri endurskoðun nú fyrir. Er áætlað að tekjur á mann á árinu 1984 verði 16,5% hærri en tekjur voru á árinu 1983. Er þessi áætlun gerð á eftirfarandi hátt:

Tekjuforsendur fjárlaga 1983.
Meðalhækkun 1983—1984.
(Upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun)

	Forsendur fjárlagafrumvarps og þjóðhagsáætlunar	Breyttar forsendur fjárlaga
	%	%
Kauptaxtar	15,0	13,0
Aðrir þættir tekjumyndunar ¹⁾	4,3	2,7
Atvinnutekjur í heild	20,0	16,0
Tilfærslutekjur o. fl.	25,0	22,0
Brúttótekjur til skatts	21,2	17,5

1) Fjölgun á vinnumarkaði og breytingar í atvinnuþátttöku, vinnutími, áhrif ýmissa sérákvæða og einstaklingsbundinna kjarabreytinga o. fl. Gert er ráð fyrir að fjölgun á vinnumarkaði nemi u. þ. b. 1%.

Til að ná því meginmarkmiði, að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði óbreytt milli árana 1983 og 1984, er af framangreindum ástæðum nauðsynlegt að gera tillögur um nokkrar breytingar á frumvarpinu.

Tilgangur þessara breytingartillagna er að lækka heildarálagningu tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds að frádregnum barnabótum og nýttum afslætti um 3%, þ. e. a. s. jafnmikið og nemur breytingu á áætludum tekjum 1984. Samkvæmt tilefni þessarar lækkunar lægi beinast við að tryggja að lækkunin jafngilti sömu lækkun skattbyrði allra

framteljenda. Til þess að ná þessu markmiði fullkomlega þyrfti að lækka skattprósentur um 3/100 og persónuafslátt og barnabætur um sama hlutfall. Þannig yrði hæsta skattprósenta 43,6% í stað 45% í frumvarpinu, persónuafsláttur 28 470 kr. í stað 29 350 kr. og barnabætur með 1. barni 5 820 í stað 6 000 kr.

Meiri hl. nefndarinnar telur þó rétt að í stað þess verði gengið enn lengra í ívilnunum til hinna tekjulægstu og til fjölskyldna með börn en þegar er gert með þeim breytingum sem felast í ákvæðum frumvarpsins. Þannig verði hvorki persónuafsláttur né heldur barnabætur lækkað frá ákvæðum frumvarpsins. Því er óhjákvæmilegt að skattbyrði hinna tekjuhæstu aukist nokkuð. Þess vegna er lagt til að efsta skattprósenta lækki einungis í 44%. Á sama hátt er skattprósenta félaga einungis lækkuð í 50% en ætti að verða 49,5% samkvæmt fyrrgreindum forsendum.

Þær breytingar, sem flutningsmenn leggja til á frumvarpinu, eru aðallega þessar:

1. Skattstigi tekjuskatts:

Af 0—170 þús. kr. skattstofni: í stað	23% komi 22,75%
Af 170—340 þús. kr. skattstofni: í stað	32% komi 31,50%
Af skattstofni yfir 340 þús. kr.: í stað	45. komi 44,00%

2. Skattprósenta félaga verði 50% í stað 51% skv. frumvarpinu.

Í stórum dráttum verður dreifing skattbyrði eftir þessar breytingar mjög svipuð því sem að var stefnt með frumvarpinu. Þó lækkar skattbyrði flestra undir meðaltekjum nokkuð á kostnað hinna tekjuhæstu í samræmi við það sem fyrr segir.

Tvær aðrar breytingartillögur eru gerðar við frumvarpið. Önnur snertir frádrátt vegna fengins arðs. Sá frádráttur er hækkadur eins og aðrir slíkir í samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli árána 1982 og 1983. Hin breytingartillagan fjallar um framlagningu skattskrár, en lagafrumvarp þess efnis hlaut ekki endanlega afgreiðslu á 105. löggjafarþinginu. Með því frumvarpi fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Ákvæði um framlagningu á skattskrá hafa verið í lögum hér á landi frá því fyrst voru sett almenn lög um tekjuskatt á árinu 1921. Þessi ákvæði hafa jafnan verið skýrð þannig í framkvæmd að heimil væri opinber birting á upplýsingum þeim er fram koma í skattskrá, og um áratuga skeið hafa þessar skrár í ýmsum sveitarfélögum verið gefnar út og verið fáanlegar almenningi. Í nóvember s. l. komst tölvunefnd hins vegar að þeirri niðurstöðu að sá aðili, sem gefið hefur þessar skrár út í Reykjavík á undanförunum árum, hefði ekki rétt til slíkrar útgáfu vegna gjaldársins 1982. Byggði nefndin afstöðu sína á ákvæðum laga nr. 63/1981, 98. gr. laga nr. 75/1981 og 37. gr. laga nr. 73/1980. Þessi úrlausn tölvunefndar orkar tvímælis að mati fjármálaráðuneytisins. Ótvírætt er að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar í heild er til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og gegnir slík birting því að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Er mikilvægt að sá aðgangur, sem almenningur hefur haft að upplýsingum úr skattskrám á undanförunum áratugum, verði ekki þrengdur og þar með tekið fyrir þá umræðu um skattamál er gjarnan fylgir birtingu þessara upplýsinga.“

Með þessu nefndaráliti eru birt þrjú fylgiskjöl. Í fylgiskjali I eru tvær töflur frá Þjóðhagsstofnun. Þess ber að geta að mikil óvissa ríkir um útsvarsprósenta, enda liggja endanlegar ákvarðanir ekki fyrir um það efni hjá sveitarfélögunum. Í fylgiskjali II eru töflur sem byggðar eru á úrtaki úr skattframtölum ársins 1983. Í fylgiskjali III eru upplýsingar um eignarskattsbyrðina.

Alþingi, 16. desember 1983.

Páll Pétursson,
form.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Þorsteinn Pálsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Fylgiskjal I.

Tafla 1.

Áætlun um skattbyrði einstaklinga 1974—1984. Milljónir króna.

	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Bráðab. Áætlun		Spá 1984
									1982	1983	
1. Skattur til sveitarfélaga ¹⁾	52,3	88,1	115,4	155,4	233,4	380,8	618,2	959,0	1 526	2 443	3 450
2. Skattar til ríkisins ²⁾	38,3	47,1	85,0	95,1	221,3	350,3	524,5	795,5	1 363	2 025	2 390
3. Álagðir skattar alls	90,6	135,2	200,4	250,5	454,7	731,1	1142,7	1754,5	2 889	4 468	5 840
4. Heildartekjur einstaklinga	871,0	1161,0	1562,0	2320,0	3680,0	5592,0	8867,0	14210,0	22 480	35 790	42 100
5. Álagðir skattar sveitarfélaga											
Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	9,1	10,1	9,9	9,9	10,1	10,4	11,1	10,8	10,7	10,9	9,6
b) Tekjur greiðsluárs, %	6,0	7,6	7,4	6,7	6,3	6,8	7,0	6,8	6,8	6,8	8,2
6. Álagðir skattar ríkisins											
Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	6,6	5,4	7,3	6,1	9,5	9,5	9,4	9,0	9,6	9,0	6,7
b) Tekjur greiðsluárs, %	4,4	4,1	5,4	4,1	6,0	6,3	5,9	5,6	6,1	5,7	5,7
7. Álagðir skattar alls											
Í hlutfalli við:											
a) Tekjur fyrra árs, %	15,7	15,5	17,2	16,0	19,6	19,9	20,4	19,8	20,3	19,9	16,3
b) Tekjur greiðsluárs, %	10,4	11,7	12,8	10,8	12,4	13,1	12,9	12,4	12,9	12,5	13,9

1) Útsvar og fasteignaskattar.

2) Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Aths.: Í áætlun fyrir 1984 er gert ráð fyrir að álagning skatta sveitarfélaga hækki ekki að fullu með breytingum tekna og fasteignamats milli árána 1982 og 1983. Þannig er miðað við að álagningarhlutfall útsvars, brúttó, lækki um sem næst 1 prósentustig á næsta ári. Sömuleiðis er reiknað með heldur meiri afslætti við álagningu fasteignagjalda, þannig að hækkinin verði minni en sem nemur hækkun fasteignamats.

Tafla 2.

Tekju- og eignarskattar einstaklinga til ríkissjóðs, heildartekjur og heildarútgjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 1974—1984. Í milljónum króna.

	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984 ¹⁾
1. Tekju- og eignarskattar											
einstaklinga til ríkissjóðs	38,3	47,1	85,0	95,1	221,3	350,3	524,5	795,5	1 363	2 030	2 457
Heildartekjur ríkissjóðs	357,8	493,4	682,8	956,2	1542,6	2377,7	3 681	5 997	9 577	14 865	17 435
Heildarútgjöld ríkissjóðs	402,9	575,8	698,5	1011,2	1610,9	2466,8	3 766	5 911	9 604	15 843	17 426
Verg þjóðarframleiðsla á markaðsvirði	1 411	1 928	2 660	3 815	5 776	8 460	13 430	20 519	20 519	31 063	63 990
Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu											
Tekju- og eignarskattar	2,7	2,4	3,2	2,5	3,8	4,1	3,9	3,9	4,4	3,8	3,8
Heildartekjur	25,4	25,6	25,7	25,1	26,7	28,1	27,4	29,2	30,8	28,0	27,3
Heildarútgjöld	28,6	29,9	26,3	26,5	27,9	29,2	28,0	28,8	30,9	29,9	27,2

1) Miðað við Þjóðhagsáætlun 1984 og forsendur hennar og fjárlagafrumvarps 1984 um breytingar tekna einstaklinga og tekju- og eignarskatta til ríkisins.

Fylgiskjal II.

Tekjuskattar til ríkisins, nettó.

Tafla 1. Hjón án barna.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.á sköttum	Breyting á skatt- byrði	Breyting á skatt- byrði	Fjöldadreifing									100,0%	
				-2,0%	-2,0%	-1,0%	-0,5%	0,0%	0,5%	1,0%	2,0%			
50	113	0,0	0,0										113	
100	155	-0,4	-0,4											
150	796	-0,9	-0,6			113	165	144	330					
200	2 150	-1,4	-0,7	268	258	351	692	578						
250	1 850	-5,1	-1,9	1 178	144	134	320							
300	2 047	-5,5	-1,7	454	1 571									
350	2 067	-3,6	-1,0		878	1 002	144							
400	2 088	-2,0	-0,5		113	599	1 313							
450	1 995	-0,2	0,0			113	847	992						
500	1 809	1,7	0,3				124	1 344	289					
600	2 098	4,3	0,7					361	1 406	248				
700	992	8,9	1,2						248	651				
800	475	14,9	1,7							361	103			
900	248	17,4	1,8							134				
1000	134	24,3	2,2											113
—	124	48,3	2,9											113
Samt.	19 147	0,3	-0,4	1 985	3 174	2 481	3 680	3 990	1 985	1 406	444			0

Tafla 2. Hjón með tvö börn.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt.á sköttum	Breyting á skatt- byrði	Breyting á skatt- byrði	Fjöldadreifing									100,0%	
				2,0%	-2,0%	-1,0%	-0,5%	0,0%	0,5%	1,0%	2,0%			
50	41	-1,1	-5,3											
100	31	-1,0	-1,1											
150	144	-2,0	-1,4			124								
200	217	-5,4	-2,6	103	113									
250	413	-7,4	-2,8	320										
300	692	-6,8	-2,1	434	258									
350	930	-5,1	-1,3		610	227								
400	1 571	-3,4	-0,8		351	754	434							
450	1 571	-1,7	-0,4			361	878	227						
500	1 633	0,1	0,0				403	1 095						
600	2 016	2,9	0,4				155	1 002	734	103				
700	982	6,9	0,9					103	423	423				
800	403	12,6	1,4							289				
900	196	18,9	1,9							103				
1000	134	26,1	2,4											113
—	72	32,8	2,6											
Samt.	11 052	0,5	-0,3	1 013	1 736	1 488	1 881	2 440	1 230	951	310			0

Tafla 3. Hjón samtals (tölur 1 og 2)

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt. á sköttum	Breyting á skatt- byrði	Breyting á skatt- byrði	Fjöldadreifing													
				-2,0%	-1,0%	-0,5%	0,0%	0,5%	1,0%	2,0%	100,0%						
50	217	-0.3	-1.5						113								
100	268	-0.5	-0.5														
150	1 188	-1.2	-0.8		341	268	186	330									
200	2 915	-2.3	-1.1	599	599	423	713	578									
250	3 215	-6.1	-2.3	2 326	310	165	341										
300	4 218	-6.1	-1.9	1 623	2 574												
350	4 786	-4.4	-1.2	279	2 677	1 654	165										
400	6 265	-2.9	-0.7		971	2 584	2 543										
450	5 862	-1.1	-0.2		237	1 013	2 843	1 757									
500	6 048	0.7	0.1		124	320	1 261	3 856	485								
600	7 382	3.2	0.5			103	630	2 522	3 546	558							
700	3 484	7.6	1.0					382	1 126	1 830							
800	1 447	13.4	1.5						103	1 137	175						
900	703	18.0	1.8							361	289						
1000	330	24.8	2.3								268						
—	351	44.0	2.9								320						
Samt.,	48 686	0.2	-0.4	5 024	7 940	6 658	8 881	9 832	5 303	3 959	1 085	0					

Tafla 4. Einstæðir foreldrar samtals.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi framt. á sköttum	Breyting á skatt- byrði	Breyting á skatt- byrði	Fjöldadreifing													
				-2,0%	-1,0%	-0,5%	0,0%	0,5%	1,0%	2,0%	100,0%						
50	439	-1.6	-10.9	428													
100	685	-2.1	-2.4	503	150												
150	1 018	-4.3	-2.9	868	150												
200	1 232	-4.4	-2.2	782	450												
250	1 061	-2.7	-1.1		535	439											
300	664	-0.3	-0.1			150	225	289									
350	364	2.2	0.6						192								
400	128	3.2	0.7														
450	75	4.4	0.9														
500	32	7.6	1.4														
600	10	6.0	1.0														
700	0	0.0	0.0														
800	0	0.0	0.0														
900	0	0.0	0.0														
1000	0	0.0	0.0														
—	0	0.0	0.0														
Samt.,	5 712	-2.3	-2.2	2 615	1 296	610	342	418	267	160	0	0					

Tafla 5. Allir framteljendur.

Vergar tekjur 1983	Fjöldi fram. á sköttum	Breyting á skatt- byrði	Fjöldadreifing									
			-2,0%	-1,0%	-0,5%	0,0%	0,5%	1,0%	2,0%	100,0%		
50	23 327	-0.3	-3.2	6 502	1 832	2 329	2 236	9 774	289	217	144	
100	29 291	-1.0	-1.1	4 472	8 179	6 491	4 969	5 177				
150	29 829	-2.7	-1.9	14 992	7 630	2 277	3 209	1 698				
200	22 074	-2.4	-1.2	2 692	8 697	9 567	755	352				
250	18 782	-1.3	-0.5	1 698	2 195	2 660	6 378	5 642	196			
300	14 412	0.5	0.1	434	1 749	1 014	1 470	2 153	6 264	1 325		
350	10 902	2.1	0.6		579	1 025	1 304	1 377	1 522	5 021		
400	7 661	3.1	0.7		124	517	1 076	828	931	4 141		
450	5 011	4.3	0.9				641	828	548	2 836		
500	3 054	6.2	1.1				300	393	590	1 418	320	
600	2 930	9.3	1.5				155	310	362	1 045	1 056	
700	1 490	14.7	2.0						124	517	766	
800	507	22.7	2.6								445	
900	207	25.6	2.6								176	
1000	165	33.2	3.0								165	
—	207	61.3	3.7								196	
Samt.	169 857	-0.1	-1.0	30 896	31 082	25 998	22 540	28 577	10 850	16 618	3 292	0

Fylgiskjal III.

**EIGNARSKATTUR HJÓNA — HREIN EIGN
(Hækkun er 54% milli árána 1982 og 1983)**

Skattfrjáls eign skv. gildandi lögum 1983

Skattfrjáls eign skv. frv. 1984

Hundraðshluti skv. gildandi lögum 1983

Hundraðshluti skv. frv. 1984

Álagning 1983		Álagning 1984		Hækkun fjár- hæða milli ára %	Breyting á skattbyrði
Eign kr.	Esk kr.	Eign kr.	Esk kr.		
991 800	0	1 527 372	0		0
1 013 000	254	1 560 020	0	÷	÷
1 200 000	2 498	1 848 000	2 736	+ 9,53	÷ 7,0
1 300 000	3 698	2 002 000	4 199	+ 13,55	÷ 2,9
1 400 000	4 898	2 156 000	5 662	+ 15,60	÷ 0,9
1 467 530	5 709	2 226 000	6 650	+ 16,48	0,0
1 500 000	6 098	2 310 000	7 125	+ 16,84	+ 0,3
1 800 000	9 698	2 772 000	11 514	+ 18,73	+ 2,2
2 000 000	12 098	3 080 000	14 440	+ 19,36	+ 2,9
3 000 000	24 098	4 620 000	29 070	+ 20,63	+ 4,1
5 000 000	48 098	7 700 000	58 330	+ 21,27	+ 4,8

(Byggt á upplýsingum frá ríkisskattstjóra).